



Ársskýrsla
Fjölbrautaskólans í Breiðholti
2025

Hlutverk og stefna



FB er opinber framhaldsskóli, starfræktur samkvæmt lögum nr. 80/2008 um framhaldsskóla og eru lokapróf frá skólanum stúdentspróf af bóknámsbrautum, listnámsbrautum og að loknu starfsnámi, lokapróf á húsasmiðabraut, rafvirkjabraut, snyrtibraut og úr sjúkraliðanámi. Einnig býður skólinn upp á fjögurra ára nám á starfsbraut, nám á framhaldsskólabraut og nám á íslenskubraut fyrir erlenda nemendur. Í FB er kennt í dagskóla og kvöldskóla. Rekstrarfé skólans ákvarðast af fjárheimildum Alþingis. Sýn skólans er að efla fólk til að skapa kærleiksríkt sjálfbært samfélag. Gildi skólans eru virðing, fjölbreytni og sköpunarkraftur og stefnumiðin eru í anda heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

- Við leggjum áherslu á frið, lýðræði, réttlæti, jöfnuð og jafnrétti
- Við vinnum saman að góðum námsárangri allra nemenda
- Við menntum nemendur til að stuðla að sjálfbærni og virða líf og umhverfi
- Við stuðlum að vellíðan og valdeflingu nemenda og starfsfólks
- Við leggjum áherslu á góða samvinnu, hvetjandi og nærandi samskipti
- Við iðkum, kennum og hlúum að nýsköpun
- Við ræktum góð tengsl út á við og vinnum með nærsamfélagi skólans

Útskriftir 2025



Útskrift FB



Við báðar athafnir léku Pálmi Sigurhjártarson á píanó og Elvar Þ. Bragi Kristjánsson á trompet.



Þann 27. maí útskrifuðust 175 nemendur frá FB við fallega athöfn í Silfurbergi Hörpu. Þar af útskrifuðust 27 með tvö skírteini. 44 nemendur luku prófi af húsasmiðabraut, 34 af rafvirkjabraut, 9 af starfsbraut, 28 sjúkraliðar útskrifuðust og 10 snyrtifræðingar. Nemendur sem luku stúdentsprófi voru 77.



Þann 22. desember 2025 útskrifaði FB 143 nemendur við hátíðlega athöfn í Eldborg Hörpu. 18 nemendur útskrifuðust með tvö skírteini 43 nemendur luku prófi af húsasmiðabraut og 21 af rafvirkjabraut. Einnig voru 36 sjúkraliðar og 8 snyrtifræðingar útskrifaðir. Nemendur sem luku stúdentsprófi voru 53.

50 ára afmæli FB



Laugardaginn 4. október 2025 fagnaði FB 50 ára afmæli. Meðal gesta voru Guðmundur Ingi Kristinsson, mennta- og barnamálaráðherra, Heiða Björg Hilmisdóttir, borgarstjóri, Kristín Arnalds, fyrrum skólameistari FB, Stefán Benediktsson, fyrrverandi aðstoðarskólameistari sem og ýmsir aðrir velunnarar skólans, fyrrverandi og núverandi starfsmenn og nemendur.

Á göngum skólans mátti sjá þrjár sýningar, hver og ein tileinkuð þeim þremur skólameisturum sem hafa starfað við skólann og endurspegluðu sýningarnar ólíkan tíðaranda á fjölbreyttan hátt. Að lokum var gestum boðið upp á veitingar í galleríi skólans þar sem einnig var fróðleg sýning um listafólk sem hefur gengið í skólann auk þess sem hægt var að fræðast um ýmsa tölfræði tengda FB.

Skólinn fékk rausnarlegar gjafir. Rótarýklúbburinn Reykjavík Breiðholt veitti starfsbraut fjárgjöf og fyrrverandi skólameistari Kristín Arnalds studdi skólann einnig með fjárgjöf. Jóhann Rönning gaf búnað í nýja verknámsbyggingu skólans.





RÁÐSTEFNURÖÐ Í TÍLEFNI AF 50 ÁRA AFMÆLI FJÖLBRAUTASKÓLANS Í BREIÐHOLTI

FIMMTUDAGUR 9. OKTÓBER KL. 15:00-17:00 - **BARÁTTAN UM ATHYGLINA**

ÞRIÐJUDAGUR 14. OKTÓBER KL. 15:30-17:00 - **GERVIGREIND: FRÁ TEXTA TIL MYNDA**

MÁNUDAGUR 20. OKTÓBER KL. 15:30-17:00 - **VIRÐING, FJÖLBREYTNÍ OG SKÖPUNARKRAFTUR**

MIÐVIKUDAGUR 5. NÓVEMBER KL. 15:30-17:00 - **ELDUR OG INNGILDING**

FÖSTUDAGUR 14. NÓVEMBER KL. 15:30-17:00 - **Í ÁTT AÐ SJÁLFBÆRNI**

FB VIRÐING
FJÖLBREYTNÍ
SKÖPUNARKRAFTUR

Í tengslum við stórafmælið var efnt til ráðstefnuraðar þar sem skólinn bauð áhugasömum upp á fyrirlestra um skólamál. Dagskráin endurspegladi gildi og stefnu skólans og stigu þar helstu sérfræðingar landsins á stökk. Ráðstefnurnar voru bæði fróðlegar og ánægjulegar.

Innlent | Sunnudagsblað | 4.10.2025 | 9:00

FB er skóli með stórt hjarta



Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir, skólameistari
Fjölbrautaskólans í Breiðholti. [mbl.is/Arni Sæberg](https://mbl.is/Arni_Saeberg)

Á afmælisdaginn mátti sjá viðtal í Morgunblaðinu við Guðrúnu Hrefnu Guðmundsóttur skólameistara.

Fjölbraut í 50 ár



Langþráður draumur var uppfylltur þegar saga skólans kom út. Höfundur bókarinnar er Andri Þorvarðarson en henni ritstýrði Gunnar Þór Bjarnason. Báðir hafa þeir kennt sögu við skólann. Iðnú sér um dreifingu bókarinnar.



“Í árslok 1971 samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur að stofna nýjan framhaldsskóla í Breiðholti. Hann átti að vera hverfissskóli sem gæti tekið við öllum nemendum burtséð frá námsleið.” bls. 17


Stækkun smiðju við Hraunberg



Í nóvember 2024 var fyrsta skóflustungan tekin að nýrri verknámsbyggingu FB við Hraunberg. Vorið 2025 hófust framkvæmdir og var strax mikill gangur í þeim. Tvö ný smiðjuhús rísa á lóðinni auk þess sem skipt var um þak, glugga og hurðir í gömlu smiðjunni. Með nýbyggingunum mun verknámsaðstaða við FB meira en tvöfaldast en þar verður aðstaða fyrir húsasmíði, rafvirkjun og listgreinar og er áætlað að hefja þar kennslu í janúar 2027.

Endurnýjun C-álmú

Sumarið 2025 lauk endurnýjun á C-álmú skólans þar sem lagt var í alsherjar uppfærslu á lögnum, loftræstingu, lýsingu, salernisaðstöðu, gluggum, sem og milliveggjum og innihurðum. Allar kennslustofur eru búnar með snjallskjám og eru nú hinar glæsilegustu.



Nemendatölur




Á haustönn 2025 voru nemendur 1269 í dagskóla og 606 í kvöldskóla, eða samtals 1875 nemendur í skólanum.

Fjöldi nemenda í dagskóla eftir námssviðum og brautum 2023-2025									
Tegund náms	2023V	2023H	2023	2024V	2024H	2024	2025V	2025H	2025
Undirbúnings/stuðningsnám			12,0%			12,6%			13,2%
Framhaldsskólabraut	24	33		22	40		31	44	
Starfsbraut	51	54		51	55		55	64	
Íslenskubraut fyrir útlendinga	54	66		72	58		54	68	
Nám til stúdentsprófs			31,1%			31,9%			32,6%
Félagsvísindabraut	57	64		55	65		57	63	
Hugvísindabraut	0	0		0	0		0	0	
Náttúruvísindabraut	28	34		23	29		28	37	
Íþróttabraut	55	54		49	66		52	52	
Tölvubraut	48	52		46	51		41	48	
Opin braut	157	180		173	196		202	204	
Iðn- og verknám			42,9%			44,6%			43,9%
Húsasmíðabraut	148	153		143	158		143	158	
Rafvirkjabraut	156	158		158	193		173	207	
Sjúkraliðabraut	78	78		79	91		72	79	
Snyrtibraut	98	130		106	118		105	107	
Stúdentspróf að loknu starfsnámi	2	5		3	3		5	5	
Listnám			14,1%			10,9%			10,3%
Fata- og textílbaut	43	49		41	37		42	42	
Myndlistarbraut	113	101		81	86		73	91	
Nýsköpunarbraut	0	0		0	0		0	0	
Nýsköpun, hönnun og listir	9	15		11	0		0	0	
Samtals	1121	1226		1113	1246	100,0%	1133	1269	100,0%
Virkir dagskólanemendur	1121	1226		1113	1246		1133	1269	
Nemendur í kvöldskóla	617	652		648	688		581	606	
Samtals í skólanum	1738	1878		1761	1934		1714	1875	

Taflan hér að ofan sýnir hvernig nemendur raðast niður á námssvið dagskólans síðustu þrjú ár. Tæplega 33% eru á bóknámsbrautum, um 44% á verknámsbrautum, um 10% í listnámi og um 13% í undirbúningsnámi og á starfsbraut. Nemendur kvöldskóla eru flestir í verknámi eins og sést á töflunni hér að neðan, þ.e. í sjúkraliðanámi, rafvirkjun og húsasmíði.

Fjöldi nemenda í kvöldskóla eftir námssviðum og brautum 2023-2025									
Tegund náms	2023V	2023H	2023	2024V	2024H	2024	2025V	2025H	2025
Undirbúnings/stuðningsnám			7,5%			3,3%			0,1%
Íslenskubraut fyrir útlendinga	40	55		41	3		1	0	
Nám til stúdentsprófs			3,5%			7,5%			4,0%
Félagsvísindabraut	6	3		4	9		3	0	
Náttúruvísindabraut	0	0		0	0		0	0	
Íþróttabraut	0	0		0	9		0	0	
Opin braut	25	10		32	46		26	18	
Iðn- og verknám			89,0%			87,6%			95,3%
Húsasmíðabraut	172	197		185	174		177	173	
Rafvirkjabraut	212	206		217	224		219	241	
Sjúkraliðabraut	162	176		165	187		144	173	
Snyrtibraut	0	1		0	13		1	0	
Stúdentspróf að loknu starfsnámi	0	4		4	2		2	1	
Listnám						1,6%			0,7%
Myndlistarbraut	0	0		0	21		8	0	
Samtals	617	652	100,0%	648	688	100,0%	581	606	100,0%

Fróðlegt er að skoða fjölda útskrifta eftir brautum skólans á árabílinu 2020-2025:



Á árinu 2025 útskrifuðust 363 nemendur frá skólanum. 64 útskrifuðust af sjúkrallíðabaut, 87 af húsmiðabaut, 55 af rafvirkjabaut, 18 af snyrtibraut og 52 með stúdentspróf að loknu starfsnámi. Af bóknámsbrautum útskrifuðust 54 nemendur, 24 af listnámsbrautum og 9 af starfsbraut. Sífellt stærra hlutfall útskrifaðra koma af verknámsbrautum skólans.

Eftirfarandi tafla sýnir hlutfallslega skiptingu útskrifta eftir sviðum á árabílinu 2021-2025:

Skipting útskrifaðra frá FB eftir gerð náms 2021-2025										
Fjöldi						Hlutfall útskrifaðra				
Bóknám, listnám, verknám	2021	2022	2023	2024	2025	2021	2022	2023	2024	2025
Bóknámsstúdentspróf	72	63	61	52	54	23,7%	23,3%	18,5%	16,0%	14,9%
Listnám (lýkur yfirl. með stúdentsprófi)	25	13	21	13	24	8,2%	4,8%	6,4%	4,0%	6,6%
Verknám (og stúdentspróf að því loknu)	199	185	236	251	276	65,5%	68,5%	71,5%	77,2%	76,0%
Starfsbraut	8	9	12	9	9	2,6%	3,3%	3,6%	2,8%	2,5%
Samtals	304	270	330	325	363	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%

Markmiðasetning í stefnumiðaðri áætlun 2025–27



Í stefnumiðaðri áætlun skólans fyrir árin 2025–2027 eru sett fram markmið fyrir starfsemina, kjarnastarfsemi sem er menntun nemenda og rekstrarþætti. Markmiðin eru að fjölga útskrifuðum af verknámsbrautum og að styðja við nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

	Staðan haust 2023	Staðan haust 2024	Staðan haust 2025
A1: Fjölga útskrifuðum af verknámsbrautum			
Að auka inngangskröfur í stærðfræði í rafvirkjun.	65%	64%	75%
Að auka inngangskröfur í stærðfræði í húsasmíði.	85%	92%	85%
A2: Styðja við nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.			
Einstaklingsmiðað nám í ÍSAN. Hlutfall nemenda sem stenst áfanga í ÍSAN á undangengnu skólaári.	67%	67%	74%
Árangur nemenda í ÍSAN1GE í öðru námi. Hlutfall staðinna eininga – meðaltal.		74%	75%

Taflan sýnir okkur að auknar inngangskröfur í stærðfræði virðast skila sér í betri námsárangri í grunnáfanga í rafvirkjun. Nemendur sem hófu nám 2024 þurftu að hafa lokið stærðfræði í grunnskóla með einkunnina B eða hærra eða staðist stærðfræðiáfanga á fyrsta þrepi áður en þeir gátu hafið nám í verklegum áfanga. Við sjáum þetta skila sér haustið 2025 þegar námsárangur er betri. Aftur á móti sjáum við ekki að sama aðgerð skili sér í bættum árangri í verklegum áföngum í húsasmíði og því var fallið frá þeim inngangskröfum. Neðri helmingur töflunnar snýr að námsárangri nemenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Fyrst sjáum við betri námsárangur í ÍSAN áföngum sem við teljum tengjast breyttum starfsháttum og nýju og góðu námsefni. Að auki höfum við skoðað gengi nemenda sem skráðir eru í ÍSAN1GE í öðru námi. Það er að segja hversu vel þeim gengur í almennum áföngum í skólanum. Þýðið er lítið og tölfræðilega er útkoman ekki marktæk en við teljum þetta vera vísbendingu sem styður við þá tilfinningu okkar að nemendum gangi betur samhliða aukinni fagmennsku í kennslu íslensku sem annars máls.

Fjármál og rekstur

Skólinn var rekinn með 22,4 millj. króna afgangi á árinu 2025 og er eigið fé í ársreikningi í lok árs um 21 millj. Reksturinn var því innan fjárheimilda.



Fjölbrautaskólinn í Breiðholti: Rekstur 2021-2025

	2025	2024	2023	2022	2021
Aðrar rekstrartekjur					
Aðrar rekstrartekjur	-17.099.702	-18.427.732	-18.049.531	-21.960.300	-19.275.100
Aðrar rekstrartekjur ...	-17.099.702	-18.427.732	-18.049.531	-21.960.300	-19.275.100
Sértekjur					
Sértekjur	-284.210.622	-224.578.959	-190.623.794	-160.971.481	-149.258.807
Sértekjur ...	-284.210.622	-224.578.959	-190.623.794	-160.971.481	-149.258.807
Laun					
Dagvinna	1.394.547.142	1.234.943.936	1.194.573.214	1.093.240.930	1.034.975.433
Vaktaálag	0	128.619	1.015.579	993.124	849.287
Aukagreiðslur	12.979.616	48.687.781	20.655.215	15.976.330	6.896.586
Yfirvinna	583.158.243	583.593.951	544.970.985	469.376.821	453.759.447
Launatengd gjöld	451.863.565	422.223.678	399.195.658	358.514.051	335.006.241
Orlof	17.128.453	42.500	5.654.883	3.534.669	6.613.604
Launagjöld ...	2.459.677.019	2.289.620.465	2.166.065.534	1.941.635.925	1.838.100.598
Ferðir og fundir					
Ferða og dvalarko innanl.	767.928	255.859	876.762	1.999.466	290.570
Ferða og dvalarko erl.	15.102.404	14.563.773	18.114.081	19.909.905	1.072.146
Fundir, námskeið, risna	25.673.646	18.879.340	14.515.666	8.148.976	8.178.550
Akstur	3.294.753	3.629.557	4.435.319	2.923.197	1.801.473
Ferðir og fundir ...	44.838.731	37.328.529	37.941.828	32.981.544	11.342.739
Rekstrarvörur					
Tímarit, blöð og bækur	1.576.044	2.170.882	1.597.602	1.991.258	1.750.347
Skrifstofuvörur og áhöld	14.582.671	11.203.824	13.522.248	11.401.688	11.730.227
Aðrar vörur	72.726.434	64.284.040	51.691.443	42.485.096	33.174.204
Rekstrarvörur ...	88.885.149	77.658.746	66.811.293	55.878.042	46.654.778
Aðkeypt þjónusta					
Tölvu og kerfisfræðipj.	15.278.074	12.550.373	7.728.778	5.960.605	4.213.876
Önnur sérfræðipj.	69.748.340	45.113.623	45.155.095	39.935.836	43.759.894
Sími og ýmis leigugj.	30.474.674	29.369.096	23.110.492	21.356.759	16.773.204
Prentun/póstur/augl./flutn.	24.256.480	19.421.426	17.337.183	15.925.808	10.180.799
Aðkeypt þjónusta ...	139.757.568	106.454.518	93.331.548	83.179.008	74.927.773
Húsnæði					
Húsaleiga og aðk. ræsting	391.864.888	359.591.115	339.599.667	305.240.614	292.327.263
Rafmagn og heitt vatn	23.599.255	28.937.667	23.488.215	22.794.469	20.090.217
Verkkaup og byggingavörur	13.898.934	16.367.606	13.446.924	14.833.094	23.270.141
Húsnæði ...	429.363.077	404.896.388	376.534.806	342.868.177	335.687.621
Bifreiðar og vélar					
Verkstæði og varahlutir	19.220		245.372	81.352	426.559
Brensluefni og olíur	1.187.552	433.640	261.286	583.282	326.866
Bifreiðar og vélar ...	1.206.772	433.640	506.658	664.634	753.425
Rekstrarkostnaður					
Vextir, bætur, skattar	897.990	665.786	1.134.218	375.797	393.580
Afskriftir eigna	42.202.383	42.575.881	41.786.633	39.839.219	33.731.227
Tilfærslur	28.670.914	21.459.711	112.000	102.000	559.116
Rekstrarkostnaður ...	71.771.287	64.701.378	43.032.851	40.317.016	34.683.923
Framlag ríkissjóðs					
Framlag ríkissjóðs	-2.914.450.240	-2.641.035.175	-2.496.932.260	-2.256.706.695	-2.133.913.080
Framlag til afskrifta	-42.202.383	-42.575.881	-41.786.633	-39.839.219	-33.731.227
Framlag ríkissjóðs ...	-2.956.652.623	-2.683.611.056	-2.538.718.893	-2.296.545.914	-2.167.644.307
Rekstrarafgangur (-)Rekstrarhalli(+)					
innan ársins ...	-22.463.344	54.475.917	36.832.300	18.046.651	5.972.643

Skólaþróun



Skólinn er með viðvarandi stefnumótun á vikulegum stjórnendafundum. Sýn skólans er að efla fólk til að skapa kærleiksríkt sjálfbært samfélag og sýnin endurspeglast m.a. í tveimur verkefnum sem unnið hefur verið að árið 2025. Fyrra verkefnið snýr að móttöku nýnema og hitt snýr að þróun umhverfisáfanga sem verður skylduáfangi á bóknámsbrautum. Í kjölfar nýs kjarasamnings á árinu hafa verið sett á laggirnar skólaþróunarteymi í framhaldsskólum og á það einnig við í FB. Það teymi vinnur að því að styðja við kennara og símenntun með gæði kennslu að leiðarljósi.

Hlúð að nýnemum

Fjölbrautakerfi hefur verið þess eðlis að nemendur sitja kennslustundir með mismunandi nemendum í hverjum tíma. Haustið 2024 farið í breytingar á vinnulagi við móttöku nýnema með það fyrir augum að þau nái strax í upphafi verunnar í skólanum betri tengingu við samnemendur sína. Reynslan á vorönn 2025 var að nýnemarnir hefðu notið góðs af áframhaldi samvistum við umsjónarhópinn. Því var ákveðið að hlúa enn betur að nýnemunum með því að stækka móttökuna og halda hópnum saman allt fyrsta skólaárið. Nemendur eru með umsjónarkennara sínum í sex kennslustundir fyrir áramót og fimm kennslustundir eftir áramót. Að auki er sami nýnemahópur í tvær kennslustundir í íþróttum fyrir áramót og í þrjár kennslustundir eftir áramót.



Félagslíf nemenda



Nemendafélagið stóð fyrir ýmsum viðburðum á árinu. Má m.a. nefna Bingó, spilakvöld, ping-pong mót, pílumót, bíókvöld og fótboldamót þar sem FB keppti við FÁ. Einnig var andvökunótt, ýmsir þemadagar og ísbíll, hamborgara- og vöffluvagn komu í skólann.

Nýnemar fóru í ferð austur fyrir fjall með umsjónarkennurum sínum. Fyrsta viðkoma var á Úlfliótsvatni þar sem hægt var að prufa báta, bogfimi og klifur með leiðbeinendum. Eftir skemmtilega samveru var boðið upp á grillaðar pylsur í hádegismat. Næsta stopp var í Hveragerði þar sem farið var í vel heppnaðan ratleik um bæinn.



Keppnir

Nemendur FB tóku þátt í ýmsum keppnum árinu. Nemandi í FB hlaut 1. verðlaun fyrir söguna sína Town of Echos í árlegri smásögukeppni á vegum Félags enskukennara á Íslandi (FEKÍ). Fjölmarginir nemendur af öllu landinu tóku þátt. FB komst í aðra umferð í Gettu betur og tók þátt í Söngkeppni Framhaldsskólanna og nemandi komst áfram í stærðfræðikeppni framhaldsskólanna.

Úrslitakvöld Framhaldsskólaleika Rafíþróttasambands Íslands fór fram í beinni útsendingu í apríl, þar sem FB atti kappi við Tækniskólann.

Mín framtíð var haldin í Laugardalshöll og nemendur frá FB kepptu í fjórum keppnisgreinum á Íslandsmótinu, húsasmíði, rafvirkjun, snyrtifræði og vefþróun.



Erlent samstarf

20 nemendur af verknámsbrautum skólans dvöldu erlendis í fjórar vikur í starfsþjálfun á vegum Erasmus+ sumarið 2025. Einnig dvaldi myndlistarnemandi í þrjá mánuði í Lissabon.

Skólinn tók á móti fjölmörgum gestum frá erlendum skólum.

Skólinn er með Erasmus+ vottun sem gerir honum kleift að senda nemendur og starfsfólk til lengri og skemmri tíma til dvalar erlendis.



Nýsköpun



Nemendur FB hafa fjölmörg tækifæri til nýsköpunar og ber þar fyrst að nefna aðstöðu FabLab Reykjavíkur sem er hluti af skólanum. Nemendur og kennarar starfsbrautar hafa hafa vakið mikla athygli vegna kennsluefnis og verkefna frá FabLab.

Nemendur á fata- og textílbaut endurnýttu gömul tjöld í sköpun sinni og var boðið að taka þátt í Hönnunarmars vorið 2025. Þau sýndu í Hinu húsinu undir yfirskriftinni: Frá tjaldi til þráðar: Að endurnýta hátíðarúrgang.


Nemendur í vefforritun á tölvubraut tóku að sér á haustönn að setja upp veðurvefsíðu fyrir skólann; vedur.fb.is. Veðurfarssíðin er partur af samstarfsverkefninu Vistvæna húsið, unnið með FB, Fab Lab Rvk., HR, Rafal og Umhverfisstofnun. Rafal lagði alfarið til allan búnað og fjarskipti fyrir veðurstöð FB. Á veðursíðunni er hægt að sjá í rauntíma hvernig veðrið er í FB og auk þess veðurspá sex daga fram í tímann sem fengin er í gegnum vedur.is.



Frumkvöðlastarf

Kennarar í íslensku sem öðru máli hafa unnið mikið frumkvöðlastarf í móttöku nemenda með erlendan uppruna. Hefur sú vinna skilað sér í bættum kennsluháttum, námsefnisgerð og myndarlegum styrk frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu.

Að frumkvæði fagstjóra sjúkraliðabrautar og kennara í íslensku sem öðru máli fékkst einnig styrkur frá Sjúkraliðafélaginu til þess að gefa út kennslubókina Aðgát sem er sérstaklega hentug til kennslu í íslensku fyrir heilbrigðisstarfsfólk. Höfundur bókarinnar er Hildur Gróa Gunnarsdóttir og útgefandi er Iðnú.



Samstarf við Fab og styrkir



FB vinnur náið með FabLab Reykjavík og afrakstur þess góða starfs er m.a. samstarf um evrópska styrki einsog FabConnectHer sem leitast við að efla og hvetja sérstaklega konur til náms í tæknigreinum og GreenInCities sem vinnur að því að efla vitund fólks um græn svæði í borgum og færa ætiplöntur og vistvænar lausnir nær fólki.

Lokaorð skólameistara

Eins og ársskýrslan ber vitni um er starfsemi skólans blómleg og full ástæða til bjartsýni þegar horft er fram á veginn. Hlutverk skólans er að mennta fólk með lokapróf úr framhaldsskóla. Að baki slíku prófi er margháttuð reynsla sem nemandinn hefur öðlast í gegnum námið, glímu við ólík viðfangsefni og lifandi þátttöku í samfélagi skólans.

Ósk mín er sú að nám og starf við Fjölbrautaskólann í Breiðholti haldi áfram að vera innihaldsríkt og auðgandi fyrir nemendur og starfsfólk.

Í Reykjavík 8. júní 2026,
Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari